



Reykjavík, 10. júní 2020  
SFS2019120144  
6.1  
HG/ag

Ráðhús Reykjavíkur  
Borgarráð

**Efni: Rekstrarleyfi fyrir leikskólann Vinagarð**

Á fundi skóla- og frístundaráðs þann 9. júní 2020 voru lögð fram drög að nýju rekstrarleyfi fyrir leikskólann Vinagarð ásamt minnisblaði sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 18. maí 2020, varðandi beiðni um opnun ungbarnadeildar á leikskólanum Vinagarði, bréfum Vinagarðs, dags. 4. febrúar 2020 og 24. apríl 2020, umsögn foreldraráðs Vinagarðs, dags. 24. apríl 2020 og rekstrarleyfi fyrir leikskólann Vinagarð, dags. 15. júní 2015.

Drög að nýju rekstrarleyfi fyrir leikskólann Vinagarð voru samþykkt.  
Framangreindu er hér með vísað til borgarráðs.

Virðingarfyllst

  
Helgi Grímsson  
sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Hjálagt:

Drög að nýju rekstrarleyfi  
Minnisblað, dags. 18. maí 2020  
Bréf Vinagarðs, dags. 4. febrúar 2020  
Bréf Vinagarðs, dags. 24. apríl 2020  
Umsögn foreldraráðs Vinagarðs, dags. 24. apríl 2020  
Rekstrarleyfi Vinagarðs, dags. 15. júní 2020



Drög að nýju rekstrarleyfi

## Rekstarleyfi fyrir leikskólann Vinagarð

Með vísun til 25. gr. laga nr. 90/2008 um leikskóla og reglur Reykjavíkurborgar um leyfi til reksturs leikskóla veitir skóla- og frístundaráð Reykjavíkurborgar hér með leikskólum KFUM og KFUK kt. 590176-0369 leyfi til að reka leikskólann Vinagarð.

Fyrir liggja teikningar af húsnæði leikskólans við Holtaveg 28 í Reykjavík. Veitt er heimildi til að reka leikskóla að staðaldri, í húsnæðinu fyrir allt að 98 börn á aldrinum 12 mánaða til 6 ára, þar af 9 börn á aldrinum 12 til 18 mánaða. Jafnframt er óbreytt heimild fyrir allt að 110 börn, tímabundið í maí, júní og ágúst ár hvert.

Vottorð liggur fyrir frá heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur um að húsnæðið uppfylli þær kröfur sem gerðar eru til starfseminnar.

Við leikskólann skal starfa leikskólastjóri, sem hefur starfsheitið leikskólakennari og hefur annað hvort viðbótarmenntun í stjórnun eða kennslureynslu á leikskólastigi.

Við ráðningu annarra starfsmanna leikskólans skal gætt ákvæða laga nr. 95/2019 um menntun, hæfni og ráðningu kennara og skólastjórnenda í leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla, um að í 2/3 hluta stöðugilda við kennslu, umönnun og uppeldi barna séu ráðnir leikskólakennrarar.

Rekstraraðila ber að láta alla starfsmenn leikskólans undirrita yfirlýsingum um að þeir muni gæta þagmælsku um hagi barna og foreldra þeirra sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu og leynt skulu fara samkvæmt lögum, fyrirmælum yfirmanna þeirra og eðli máls.

Þjónustumiðstöð Laugardals og Háaleitis veitir leikskólanum sérfræðipjónustu, sbr. reglugerð nr. 584/2010 með síðari breytingum, um sérfræðipjónustu leik- og grunnskóla.

Leikskólastjóra er skyld að endurskoða skólanámskrá reglulega og leggja hana fyrir skóla- og frístundaráð til staðfestingar. Skólanámskrá leikskólans er frá árinu 2017.

Starfsáætlun ber að skila árlega samkvæmt nánari ákvörðun skóla- og frístundaráðs.

Leikskólanum er skyld að meta með reglubundnum hætti gæði leikskólastarfsins á grundvelli 17. gr. laga nr. 90/2008 um leikskóla og reglugerð nr. 893/2009 um mat og eftirlit í leikskólum og eftirlitsskyldur sveitarstjórnna um skólahald. Upplýsingar um matið ber leikskólanum að birta opinberlega ásamt tengslum þess við skólanámskrá og áætlanir um umbætur.

Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar framkvæmir ytra mat og hefur eftirlit með leikskólanum. Ber leikskólanum að láta skóla- og frístundasviði í té gögn um innra mat sitt ásamt öðrum upplýsingum sem eru nauðsynlegar vegna ytra mats og eftirlits.

Uppfylli leikskólinn ekki ofangreind skilyrði getur skóla- og frístundaráð afturkallað rekstrarleyfið, ef rekstraraðili bregst ekki við athugasemendum innan tilskilins frests.

Reykjavík, xx. júní 2020

---

Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar



Reykjavík, 18. maí 2020  
SFS2019120144  
185. fundur  
HG/hhl/gs

## MINNISBLAÐ

**Viðtakandi:** Skóla- og frístundaráð

**Sendandi:** Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

---

### ***Efni: Beiðni um opnun ungbarnadeilda á leikskólanum Vinagarði***

Með tölvuskeyti, dags. 23. desember 2019, fór leikskólastjóri Vinagarðs og formaður stjórnar Vinagarðs fram á að samþykkt verði heimild fyrir leikskólann til að taka á móti börnum frá 12 mánaða aldri og að framlag vegna barna á aldrinum 12-18 mánaða verði til samræmis við samninga við aðra sjálfstætt starfandi ungbarnaleikskóla.

Með bréfi dags, 4. febrúar 2020, var beiðnin nánar útfærð og óskað eftir að samþykkt verði heimild fyrir leikskólann að taka á móti allt að 9 börnum frá 12 mánaða til 18 mánaða. Þann 24. apríl 2020 barst skóla- og frístundasviði bréf frá formanni stjórnar leikskólans og leikskólastjóra þar sem ítrekað var að ætlunin væri að breyta minnstu deild leikskólans, Lambagarði, þannig að hún mætti þörfum 12-18 mánaða barna og gæti þannig verið ungbarnadeild sem rúmaði 9 börn. Óskað væri eftir framlagi með þessum 9 börnum til samræmis við samninga við sjálfstætt starfandi ungbarnaleikskóla. Í bréfinu kom einnig fram að í bréfi leikskólans, dags. 4. febrúar, hafi misritast setning vegna sérstaks húsnaðisframlags en var það leiðrétt. Þá kom fram að stjórnin vildi ítreka að ekki væri gerð krafa um sérstakt húsnaðisframlag vegna þeirra breytinga sem þyrfti mögulega að gera til þess að deildin hentaði 12-18 mánaða gömlum börnum. Húsnaðisframlag yrði að öðru leyti til samræmis við samninga við sjálfstætt starfandi ungbarnaleikskóla. Umsögn foreldraráðs Vinagarðs leikskóla KFUM og K, dags. 24. apríl 2020, liggur fyrir.

Rekstrarleyfi leikskólans, dags. 15. júní 2015, gerir ráð fyrir 98 börnum á aldrinum 18 mánaða til 6 ára. Jafnframt er heimild fyrir allt að 110 börn, tímabundið í maí, júní og ágúst ár hvert. Greitt var framlag vegna 70 reykviskra barna í mars 2020.

Á fundi skóla- og frístundaráðs þann 11. desember 2018 og í borgarráði þann 10. janúar 2019 var samþykkt tillaga varðandi ungbarnadeildir í sjálfstætt reknum leikskólum: [https://fundur.reykjavik.is/sites/default/files/agenda-items/44\\_sfs\\_ungbarnadeildir.pdf](https://fundur.reykjavik.is/sites/default/files/agenda-items/44_sfs_ungbarnadeildir.pdf)

Umbeðin breyting uppfyllir það skilyrði framangreindrar samþykktrar tillögu að nýting á plássum samkvæmt rekstrarleyfi eykst að lágmarki um sem nemur 2/3 þeirra barna sem áætluð eru á ungbarnadeildina.

Af hálfu skóla- og frístundasviðs er ekki gerð athugasemd við að rekstrarleyfi verði breytt með þeim hætti að Vinagarði, leikskóla KFUM og KFUK, verði heimilað að vera með 98 börn á aldrinum 12 mánaða til 6 ára, þar af 9 börn á aldrinum 12 til 18 mánaða. Heimild til 110 barna, tímabundið í maí, júní og ágúst ár hvert er óbreytt.



Reykjavík 4. febrúar 2020

Reykjavíkurborg  
Skóla- og frístundasvið  
B.t. Ingibjargar M. Gunnlaugsdóttur

**Efni: Innritun 12-18 mánaða barna á Vinagarð leikskóla KFUM og KFUK**

Við Holtaveg 28 er starfræktur leikskólinn Vinagarður, leikskóli KFUM og KFUK, kt. 590176-0369. Samkvæmt nágildandi samningi leikskólans við Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar hefur leikskólinn heimild fyrir allt að 95 börn við leikskólann. Tilgreint er í samningnum að innriti leikskólinn börn yngri en 18 mánaða sé framlag Reykjavíkurborgar til jafns við framlag til dagforeldra.

Þegar þetta er ritað eru 80 innrituð börn í leikskólann. Öll þau börn hafa náð 18 mánaða aldri og fyrir liggur að ekkert barn eldri en 18 mánaða er á biðlista eftir leikskólaplássi. Þó liggur fyrir að nokkur fjöldi barna, yngri en 18 mánaða, eru á biðlista eftir leikskólavist. Í ljósi nágildandi samnings leikskólans við Reykjavíkurborg hefur leikskólinn ekki talið sér fært að innrita þau börn, sem hefur haft nokkur áhrif á rekstrarhagræði leikskólans.

Í ljósi þessa og í samræmi við þá stefnu Reykjavíkurborgar að fjölda leikskólaplássum fyrir börn á aldrinum 12-18 mánaða, óskar stjórn Vinagarðs eftir því að samþykkt verði heimild fyrir leikskólann að taka á móti allt að 9 börnum frá 12 mánaða aldri, og framlag vegna barna á aldrinum 12-18 mánaða verði til samræmis við samninga við aðra sjálfstætt starfandi ungbarnaleikskóla. Í því sambandi vill stjórnin ítreka neðangreint:

- (1) Ekki er gerð krafa um sérstakt húsnaðisframlag vegna barna 12-18 mánaða.
- (2) Þrátt fyrir þessa breytingu verður fylgt kennitöluröð við innritun með þeim hætti að elstu börn verða innrituð fyrst.

Sé óskað eftir frekari upplýsingum eða gögnum er sjálfsagt mál að veita þau.

Virðingarfyllst,

Guðmundur Karl Einarsson  
formaður stjórnar

María Sighvatsdóttir  
leikskólastjóri





Reykjavík 24. apríl 2020

Reykjavíkurborg  
Skóla- og frístundasvið  
B.t. Hönnu Halldóru Leifsdóttur

**Efni: Hætt við stækkun Vinagarðs**

Árið 2017 gaf Reykjavíkurborg vilyrði fyrir stækkun Vinagarðs leikskóla KFUM og KFUK á Holtavegi 28. Þar sem ekki hefur reynst unnt að fylla öll leikskólapláss á leikskólanum hefur stjórnan ákveðið að falla frá fyrirhugaðri stækkun að svo stöddu.

Virðingarfyllst,

Guðmundur Karl Einarsson  
formaður stjórnar

María Sighvatsdóttir  
leikskólastjóri



Reykjavík 24. apríl 2020

Reykjavíkurborg  
Skóla-og frístundasvið

**Efni: Umsögn foreldraráðs Vinagarðs leískóla KFUM og KFUK vegna mögulegrar innritunar 12-18 mánaða barna**

Óskað hefur verið eftir umsögn foreldraráðs vegna mögulegrar innritunar 12-18 mánaða barna við Vinagarð leískóla KFUM og KFUK. Foreldraráð styður þessa tillögu enda fyrirséð að hún muni auka við þjónustu fjölskyldna í Reykjavík og eins auka fjölbreytni í leískólanum. Húsnæði leískólans er vel til þess fallið að taka á móti yngri börnum enda möguleiki að skipta börnum upp milli þeirra tveggja bygginga sem nýttar eru í leískólanum.

Að bjóða yngri börnum skólavist væri liður í því að styðja við hið mikilvæga hagsmunamál fjölskyldna að brúa bilið milli fæðingarorlofs og leískóla, enda hefur verið skortur á dagvistunarúrræðum fyrir börn yngri en 18 mánaða. Þá eru þeir ótvíræðir kostir þess að börn geti sótt sama skóla frá 12 mánaða aldri til grunnskólaaldurs til að fækka þeim skiptum sem barnið þarf að aðlaga sig að nýjum skóla.

Virðingarfyllst f.h. foreldraráðs Vinagarðs leískóla KFUM og KFUK,

Sigríður Sigurðardóttir



## Rekstrarleyfi fyrir leikskólann Vinagarð

Með vísun til 25. gr. laga nr. 90/2008 um leikskóla og reglur Reykjavíkurborgar um leyfi til reksturs leikskóla veitir skóla- og frístundaráð Reykjavíkurborgar hér með leikskólum KFUM og KFUK kt. 590176-0369 leyfi til að reka leikskólann Vinagarð.

Fyrir liggja teikningar af húsnæði leikskólans við Holtaveg 28 í Reykjavík. Veitt er heimild til að reka leikskóla að staðaldri, í húsnæðinu fyrir allt að 98 börn á aldrinum 18 mánaða til 6 ára. Jafnframt er veitt heimild fyrir allt að 110 börnum, tímabundið, í maí, júní og ágúst ár hvert.

Vottorð liggur fyrir frá Vinnueftirliti ríkisins og heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur um að húsnæðið uppfylli þær kröfur sem gerðar eru til starfseminnar.

Við leikskólann skal starfa leikskólastjóri, sem hefur starfsheitið leikskólakennari og hefur annað hvort viðbótarmenntun í stjórnun eða kennslureynslu á leikskólastigi.

Við ráðningu annarra starfsmanna leikskólans skal gætt ákvæða laga nr. 87/2008 um að í 2/3 hluta stöðugilda við kennslu, umönnun og uppeldi barna séu ráðnir leikskólakennrarar.

Rekstraraðila ber að láta alla starfsmenn leikskólans undirrita yfirlýsingu um að þeir muni gæta þagmælsku um hagi barna og foreldra þeirra sem þeir fá vitneskjú um í starfi sínu og leynt skulu fara samkvæmt lögum, fyrirmælum yfirmanna þeirra og eðli máls.

Þjónustumiðstöð Laugardals og Háaleitis veitir leikskólanum sérfræðiþjónustu, sbr. reglugerð nr. 584/2010, um sérfræðiþjónustu leik- og grunnskóla.

Leikskólastjóra er skyld að endurskoða skólanámskrána reglulega og leggja hana fyrir menntaráð til staðfestingar. Skólanámskrá leikskólans er frá árinu 2007.

Starfsáætlun ber að skila árlega samkvæmt nánari ákvörðun menntaráðs.

Leikskólanum er skyld að meta með reglubundnum hætti gæði leikskólastarfsins á grundvelli 17. gr. laga nr. 90/2008 um leikskóla og reglugerð nr. 893/2009 um mat og eftirlit í leikskólum og eftirlitsskyldur sveitarstjórna um skólahald. Upplýsingar um matið ber leikskólanum að birta opinberlega ásamt tengslum þess við skólanámskrá og áætlanir um umbætur.

Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar framkvæmir ytra mat og hefur eftirlit með leikskólanum. Ber leikskólanum að láta skóla- og frístundasviði í té gögn um innra mat sitt ásamt öðrum upplýsingum sem eru nauðsynlegar vegna ytra mats og eftirlits.

Uppfylli leikskólunn ekki ofangreind skilyrði getur skóla- og frístundaráð afturkallað rekstrarleyfið, ef rekstraraðili bregst ekki við athugasemdum innan tilskilins frests.

Reykjavík, 15. júní 2015

Valgerður Janusdóttir

Valgerður Janusdóttir, staðgengill svíðsstjóra skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar

